

Kennari:
Hrönn Guðmundsdóttir
Sandra Sif

Kennslufyrirkomulag:
Verkleg og bókleg kennsla í stofu

Tímafjöldi:
6 kennslustundir á viku

Bekkur:
3. - 4. bekkur

Vísindi og rökhugsun

Hugsunarháttur barna breytist mikið á fyrstu árum skólagöngunnar. Skilningur þeirra á orsökum og afleiðingum eykst og þau byrja að vera færari á að beita rökhugsun við að meta aðstæður eða fyrirbæri og komast að niðurstöðu. Þessi smiðjan vinnur að því að styrkja þessa færni í gegnum leiki og þrautir ásamt miklum umræðum. Nemendur velta fyrir sér ýmsum aðstæðum og reyna að beita rökhugsun til þess að komast að niðurstöðu. Svo eru hlutirnir sannreynðir.

Horft er til vísindalæsis og mikilvægi þess ásamt því að læra á vinnubrögð greinarinnar þar sem rannsóknarferlin byggjast að mestu á rökhugsun.

Vísindi og rökhugsun

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemandi geti:</i>	Leiðir:
		Náttúrufræði: <ul style="list-style-type: none">- sýnt frumkvæði við öflun upplýsinga til að skoða ákveðin málefni.- tjáð sig um ólík sjónarmið sem tengjast málefnum daglegs lífs.- í máli og myndum miðlað hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum.- Notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum	

Nærumhverfi Náttúra Tilraunir	Köngulær Útprint efnið frá kennara Smásjá Annar efniviður úr náttúru- fræðistofu	<ul style="list-style-type: none"> - sagt frá einföldum athugunum úti og inni. - tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum. - skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim. - hlustað á og rætt hugmyndir annarra. - útskýrt valda atburði og hugmyndir á fjölbreyttan hátt. <p>Skólafærni:</p> <ul style="list-style-type: none"> - hlustað eftir upplýsingum og rökum í samræðum. - notað algengan orðaforða sem við á og tengist umfjöllunarefni hverju sinni. - unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á. - leitað upplýsinga í námi á ólíkum miðlum. - Sýnir virðingu og kurteisi í samskiptum. 	Hópavinna Einstaklingsvinna Sýnikennsla Athuganir/tilraunir Leiðsögn Samvinna Samskipti
Námsmat:	Námsframvinda og hæfni nemenda metin í lok hvers smiðjuhóps.		

Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemandi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Undanþága

